

Nd. 374. Tillaga til þingsályktunar

um starfsmannaskrá ríkisins.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta prentaða starfsmannaskrá ríkisins fylgja frumvarpi til fjárlaga ár hvert.

G r e i n a r g e r ð .

Starfsmannaskrá ríkisins var prentuð með frumvörpum til fjárlaga á árunum 1936—1939, en síðan hefur það ekki verið gert. Á starfsmannaskránni kom fram ákveðinn eða áætlaður fjöldi starfsmanna hjá ríkinu og ríkisstofnunum og yfirlit um laun þeirra. Er hentugt að hafa slíkt yfirlit með fjárlagafrumvarpinu og til samanburðar við reikninga ríkisins og ríkisstofnana eftir árið. Er því lagt til, að starfsmannaskráin verði birt með fjárlagafrumvörpum hér eftir.